

Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2012

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum fjármáladeildar Mosfellsbæjar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á [571. fundi](#) að álagning fasteignagjalda 2012 verði:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðarhús og sumarbústaðir, ásamt lóðum, erfðafestulönd og jarðeignir sem eingöngu eru nýttar til landbúnaðar, mannvirki og útihús á bújörðum.

Fasteignaskattur A	0,265%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,110%	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald / Fráveitugjald	0,130%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga A	0,340%	af fasteignamati lóðar
Sorphirðugjald	kr. 21.500	pr. íbúð

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkra- og heilbrigðisstofnanir, skólar, íþróttahús o.fl. sbr. reglugerð nr. 1160/2005.

Fasteignaskattur B	1,320%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,110%	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald / Fráveitugjald	0,130%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga B	1,100%	af fasteignamati lóðar

Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	1,650%	af fasteignamati húss og lóðar
Fasteignaskattur - hesthúsa	0,450%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,110%	af fasteignamati húss og lóðar
Holræsagjald / Fráveitugjald	0,130%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga C	1,100%	af fasteignamati lóðar

Yfirlit yfir gildandi gjaldskrár Mosfellsbæjar má finna á vefsíðunni www.mos.is

Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagning er birt rafrænt á www.island.is og íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprintuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Gjalddagar fasteignagjalda skiptast á níu gjalddaga frá 15. janúar til 15. september. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 20.000 er gjalddagi þeirra 15. janúar.

Greiðslu má inna af hendi með útsendum greiðsluseðlum, í heimabanka, hjá bönkum og í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Jafnframt er hægt að greiða fasteignagjöldin með beingreiðslum eða boðgreiðslum. Greiðsluseðlar eru almennt ekki sendir nema þess hafi verið óskað sérstaklega á íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is eða í Þjónustuveri.

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra. Til bráðabirgða er lækkunin reiknuð út frá síðasta skattframtali og færð til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningarseðli. Að hausti þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðastliðins árs er afsláttur endurskoðaður og tilkynnt ef breyting verður. Nánari reglur má finna á vef Mosfellsbæjar www.mos.is

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

Tekjur einstaklinga 2011:

Tekjur hjóna 2011:

Afsláttur	Frá	Til	Afsláttur	Frá	Til
100%	0	2.331.999	100%	0	3.264.999
80%	2.332.000	2.565.999	80%	3.265.000	3.591.999
60%	2.566.000	2.796.999	60%	3.592.000	3.914.999
40%	2.797.000	3.019.999	40%	3.915.000	4.227.999
20%	3.020.000	3.231.999	20%	4.228.000	4.523.999

Nánari upplýsingar fást hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða á netfanginu mos@mos.is